

Fundargerð

stjórnarfundar Félagbústaða haldinn þriðjudaginn 30. ágúst kl. 15 á skrifstofu félagsins að Þönglabakka 4

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður, Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður, Laufey Ólafsdóttir, stjórnarmaður, Kristinn Karel Jóhannsson fjármálastjóri og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari og Helga Hlín Hákonardóttir, Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs og Hörður Hilmarsson voru gestir fundarins undir öðrum dagskrárlíð. Sturla Jónsson endurskoðandi Félagbústaða sat fundinn undir þriðja dagskrárlíð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnarfundar 24. maí sl. var lögð fram og undirrituð.

2. Almenn eigandastefna Reykjavíkurborgar

Þorsteinn Gunnarsson og Helga Hlín kynntu og fóru yfir Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á í borgarstjórn 3. maí sl. Umræður voru um stefnuna, útfærslu og innleiðingu hennar.

3. Hálfárs uppgjör

Fyrir fundinum lá samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022, og svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar „Endurskoðunarnefnd fékk kynningu á árshlutareikningi Félagbústaða hf. og könnunarskýrslu Grant Thornton vegna fyrstu 6 mánaða ársins 2022.

Endurskoðunarnefnd telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í stjórn Félagbústaða.“

Framkvæmdastjóri og endurskoðandi fóru yfir árshlutareikninginn. Fjármálastjóri gerði nánari grein fyrir uppgjörinu og samanburði við fjárhagsáætlun.

Stjórn samþykkti og undirritaði reikninginn.

4. Útkomuspá og viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2022.

Fyrir fundinum lá samantekt um gjaldfært viðhald fyrstu sex mánuði ársins 2022 og útkomuspá fyrir árið, auk viðauka við fjárhagsáætlun þar sem áætlað er að auknum kostnaði verði mætt að hluta með auknum tekjum umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir.

Stjórn samþykkti viðauka 2 við fjárhagsáætlun ársins 2022.

Fleira ekki get. Fundi slitið kl. 17.45.

Haraldur Flosi Tryggvason

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir